

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 29. maí 2020
UST202005-128/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027 og tvö ný deiliskipulög fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði á Langjökli.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Bláskógarbyggðar er barst 12. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027 og tvö ný deiliskipulög fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði á Langjökli.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér að skilgreina tvö afþreyingar- og ferðamannasvæði á Langjökli. Auk þess kemur fram að áformað er að gera íshelli í suðurhliðum Langjökuls nálægt innstu Jarlhettu annars vegar, og hins vegar neðarlega á Suðurjökli, til að tryggja viðkomustað fyrir ferðamenn í vélsleðaferðum á jöklinum. Einnig kemur fram að í nýjum deiliskipulögum, sem ná til sitt hvors íshellisins, verður m.a. gerð grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og settir fram skilmálar um landnotkun og landnýtingu, lóðir, byggingar og vernd náttúru- og menningarminja.

Óbyggð víðerni

Í 3.gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, segir í e. lið. 1. mgr: „*Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.*“

Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.


Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í tillögunni verði metið hvort tillagan skerði óbyggð víðerni og hafi neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og landslag þess.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram með skýrum hætti í tillögunni hver stefna sveitarfélagsins er varðandi verndun óbyggðra víðerna í sveitarfélaginu.

Sammögnun áhrifa


Umhverfisstofnun telur æskilegt að umhverfisáhrif annarra framkvæmda, sem tengjast tillögunni, eins og vegagerð og uppbygging við Skálpanesskála og í Geldingafelli, séu metin samhliða.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 5.4.1 gr. skipulagsreglugerðar 90/2013 segir að við gerð deiliskipulags skuli meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur